

Laganefnd Sörla leggur fyrir Stórn Sörla eftirfarandi tillögur að breytingum á lögum hestamannafélagsins Sörla. Laganefnd leggur til við stjórn Sörla að tillögurnar verði kynntar og ræddar á aðalfundi Sörla sem halda á þann 25. október 2018 og þær teknar til meðferðar á fundinum til samþykktar, breytinga eða synjunar, allt eftir ákvörðun fundarins.

Tillögur að breytingum á lögum hestamannafélagsins Sörla

1. Lögð er til eftirfarandi breyting á 1. mgr. 5. grein laganna.

Í stað orðanna „átta til níu“ í 1. mgr. komi „sex“. 1. mgr. orðast því svo eftir breytingu:

„Reikningsár félagsins er almanaksárið. Þó skal á aðalfundi gerð grein fyrir rekstri fyrstu sex mánuði ársins, sem er að líða“.

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU:

Ofangreind breyting er lögð til þar sem ípróttabandalag Hafnarfjarðar óskar eftir upplýsingum um 6 mánaða uppgjör ípróttafélaga bæjarins. Eðlilegt þykir að sama uppgjör sem þá hefur verið kynnt fyrir ÍBH sé notað og kynnt á aðalfundi. Tillagan á við enn meiri rök að styðjast verði breytingartillaga nr 4 samþykkt.

2. Lögð er til eftirfarandi breyting á 5. mgr 5. gr.

Í stað orðanna „1. júní“ komi „1. mars“ og orðast greinin því svo eftir breytingu:

„Hefja skal innheimtu félagsgjalda í upphafi árs og stefnt að því að henni sé lokið 1. mars.“

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU:

Breytingunni er ætlað að hraða innheimtu félagsgjalda, en veita þó hæfilegan greiðslufrest. Því fyrir sem tekjur koma til félagsins á starfsárinu því betra fyrir rekstur félagsins.

3. Lögð er til eftirfarandi breyting á 6. mgr 5. gr.

Í stað orðann „16“ komi „18“ og orðast greining því svo eftir breytingu:

„Þeir félagar, sem náð hafa sjötugsaldri, skulu vera undanþegnir greiðslu árgjalds og félagar yngri en 18 ára greiði eigi meira en hálf árgjald“.

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU:

Lagt er til að heimilt sé að innheimt fullt árgjald af félögum sem náð hafa 18 ára aldri.

5. gr. fyrir breytingu:

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Þó skal aðalfundi gerð grein fyrir rekstri fyrstu átta til níu mánuði ársins, sem er að líða.

Stjórn félagsins ber alla ábyrgð og hefur yfirstjórn á fjárreiðum félagsins og einstakra deilda og nefnda. Deildum og nefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga án samþykkis stjórnar félagsins.

Reikningar félagsins skulu samdir og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af kjörnum skoðunarmönnum félagsins.

Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu liggja frammi til skoðunar eina viku fyrir aðalfund.

Hefja skal innheimtu félagsgjalda í upphafi árs og stefnt að því að henni sé lokið 1. júní.

Þeir félagar, sem náð hafa sjötugsaldri, skulu vera undanþegnir greiðslu árgjalds og félagar yngri en 16 ára greiði eigi meira en hálft gjald.

5.gr. orðast svo eftir breytingu á 1., 5. og 6. mgr. verði tillögur samþykktar:

„Reikningsár félagsins er almanaksárið. Þó skal aðalfundi gerð grein fyrir rekstri fyrstu sex mánuði ársins, sem er að líða.

Stjórn félagsins ber alla ábyrgð og hefur yfirstjórn á fjárreiðum félagsins og einstakra deilda og nefnda. Deildum og nefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga án samþykkis stjórnar félagsins.

Reikningar félagsins skulu samdir og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af kjörnum skoðunarmönnum félagsins.

Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu liggja frammi til skoðunar eina viku fyrir aðalfund.

Hefja skal innheimtu félagsgjalda í upphafi árs og stefnt að því að henni sé lokið 1.mars.

Þeir félagar, sem náð hafa sjötugsaldri, skulu vera undanþegnir greiðslu árgjalds og félagar yngri en 18 ára greiði eigi meira en hálft gjald“.

4. Lagt er til að 1. mgr. 6. gr. orðist svo:

„Aðalfund skal halda í september ár hvert. Til hans skal boðað með minnst tveggja vikna fyrirvara með auglýsingu á heimasíðu félagsins, auk annarra samfélagsmiðla að mati stjórnar. Í fundarboði skal vísað til laga félagsins um dagskrá.

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU:

Breyting á dagsetningu aðalfundar frá október til september eru lagðar til svo nefndum og ráðum gefist meiri tími til að undirbúa félagsstarf vetrarins sem oft hefst fyrir áramót með ýmsum

Lagabreytingartillögur frá laganefnd Sörla til meðferðar á aðalfundi Sörla sem haldinn verður þann 25.10.2018

fræðslufundum. Þykir ekki veita af auknum tíma til skipulagningar. Jafnframt er lagt til að skylda til að birta fundarboð í fréttabréfi félagsins verði felld brott þar sem ekki er reglulega gefið út fréttabréf. Jafnframt er lagt til að felld sé brott ákvæði um að tilkynningu þurfi að birta á félagssvæði félagsins. Þykir sá háttur vera nokkuð úreltur og nýfast illa við boðun til aðalfundar á þessum tíma þar sem ekki margir eiga leið um félagssvæðið. Er breytingunni almennt ætlað að endurspegla breyttan veruleika í birtingu tilkynninga og notkun samfélagsmiðla.

6.gr. fyrir breytingu:

Aðalfund skal halda í október ár hvert. Til hans skal boðað með minnst tveggja vikna fyrirvara með auglýsingu í fréttabréfi félagsins, tilkynningu á heimasíðu félagsins og auglýsingum á félagssvæðinu. Í fundarboði skal vísað til laga félagsins um dagskrá.

5. Lagt er til að ný 8. gr. laganna hljóði svo:

„Stjórn félagsins skipa sjö menn: Formaður, gjaldkeri, ritari, varaformaður og þrír meðstjórnendur. Kjörtímabil stjórnarmanna er eitt ár og fer kjör fram á aðalfundi. Láti fleiri en einn stjórnarmaður af störfum á kjörtímabilinu skal eins fljótt og auðið er kjósa um nýja menn á félagsfundi. Munu umboð þeirra til starfa gilda fram að næsta aðalfundi.

Stjórnir skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund

Fundargerð stjórnarfunda skal rituð á hverjum fundi og lesin á næsta fundi. Útdrættir fundargerða skulu birtir á vefsíðu félagsins.”

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU:

Æskilegt er að stjórnarmenn gegni starfi sínu um nokkur ár. Það tryggir samfellu í störfum stjórnar. Ekki er skynsamlegt að binda slíkt í lög. Núverandi fyrirkomulag rýrir vald félagsmanna til þess að beita sér fyrir breytingum á stjórn félagsins. Núverandi fyrirkomulag er ekki bindandi fyrir stjórnarmenn að sitja í tvö ár enda mönnum frjálst að segja sig frá stjórnarstörfum. Rétt að umboð allra stjórnarmanna sé endurnýjað á hverju ári.

Ákvæðið um ritun fundargerða fellur brott með starsfslýsingu stjórnar og þykir rétt að taka það upp í lög in í 8. gr. þar sem fjallað er um stjórn.

8. gr. fyrir breytingu:

Stjórn félagsins skipa sjö menn: Formaður, gjaldkeri, ritari, varaformaður og þrír meðstjórnendur. Kjörtímabil annara en formans er 2 ár og skal kosið um 3 sæti auk formanns á hverjum aðalfundi. Láti fleiri en einn af störfum einhverra hluta vegna á kjörtímabilinu skal eins fljótt og auðið er kjósa um nýja menn á félagsfundi til bráðabirgað fram að næsta aðalfundi og skulu þeir sem þannig eru kosnir inn hafa full réttungi og skildur sem stjórnarmenn.

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund.

6. Lögð er til eftirfarandi breyting á 9. gr:

4. mgr bætist við: „*Formaður skal ekki sitja í stjórn nefnda, ráða eða deilda félagsins*”

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU:

Þarfnast ekki skýringa. En þó má geta þess að þar sem lagt er til að starfslýsing stjórnar verði felld úr lögnum þá féll þetta ákvæði út, en rétt þykir að halda því í lögum félagsins.

9. gr. hljómar svo eftir breytingu verði tillögur samþykktar:

„Formaður félagsins kveður til stjórnarfundar og stjórnar þeim. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur ásamt félagsstjórninni yfirumsjón með allri starfsemi þess.

Varaformaður gegnir öllum sömu störfum og formaður í forföllum hans.

Formaður skal ekki sitja í stjórn nefnda, ráða eða deilda félagsins”.

9. gr. fyrir breytingu:

Formaður félagsins kveður til stjórnarfundar og stjórnar þeim.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur ásamt félagsstjórninni yfirumsjón með allri starfsemi þess.

Varaformaður gegnir öllum sömu störfum og formaður í forföllum hans.

7. Lagt er til að 10. gr. orðist svo:

„Ritari ritar allar fundargerðir stjórnarfundar og undirritar þær ásamt formanni”.

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU:

Setningin „*Ritari annast allar bréfaskriftir fyrir félagið í samráði við formann*” verði felld út.

Með tilkomu ráðningar framkvæmdastjóra annast hann í raun mikið af því sem ritari og gjaldkeri önnuðust áður. Er breytingunni ætlað að endurspeglar það. Með breytingunni og tilkomu starfs framkvæmdastjóra er líklegt að stjórn félagsins geti betur einbeitt sér að stefnumótun og framtíðarsýn og skipulagningu og framkvæmdastjóri sinni þá daglegum störfum og erindum sem áður lágu hjá stjórnarmönnum og þóttu tímafrek.

10. gr. fyrir breytingu:

Ritari annast allar bréfaskriftir fyrir félagið í samráði við formann.

Hann ritar allar fundargerðir stjórnarfundar og undirritar þær ásamt formanni.

8. Lagt er til að 11. gr. orðist svo:

„Gjaldkeri félagsins hefur yfirumsjón með innheimtu félagsgjalda og fjárreiðum félagsins í samráði við framkvæmdastjóra í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Gjaldkeri félagsins, í samráði við framkvæmdastjóra, skal fyrir aðalfund ár hvert gera eða láta gera árshlutareikning um hag félagsins og leggja fyrir aðalfund. Endurskoðaður ársreikningur, í samræmi við lög, skal lagður fyrir framhaldsaðalfund til úrskurðar."

Gjaldkeri, í samráði við framkvæmdastjóra félagsins, lætur skila reikningsyfirliti fyrir nefndir félagsins í samræmi við lög og reikningsskilavenju. Skulu nefndir skila framkvæmdastjóra reikningsyfirlitum eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund".

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU:

Breytingunum er ætlað að endurspegla starf framkvæmdastjóra í samvinnu við gjaldkera félagsins. Einnig er lögð áhersla á að reikningsskil félagsins skulu vera í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

11. gr. hljómar svo fyrir breytingu:

Gjaldkeri sér um innheimtu félagsgjalda og annast allar fjárreiður félagsins.

Hann skal fyrir aðalfund ár hvert gera eða láta gera reikningsyfirlit um hag félagsins og leggja fyrir aðalfund. Endurskoðaður ársreikningur skal lagður fyrir framhaldsaðalfund til úrskurðar.

Ennfremur skal gjaldkeri félagsins skila reikningsyfirliti fyrir þær nefndir, sem hafa með einhverja fjármuni að gera, og skulu viðkomandi nefndir skila honum reikningsyfirlitum eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

9. Lagt er til að eftirfarandi ný grein bætist við lögin, sem 12. gr. Núverandi 12. gr. verður þá 13. gr. o.s.frv.

„ Stjórn hefur heimild til að ráða framkvæmdastjóra fyrir félagið. Framkvæmdastjóri skal ekki eiga sæti í stjórn né sæti í lögbundnum nefndum félagsins. Stjórn semur við framkvæmdastjóra um starfsskyldur og endurgjald fyrir starfann. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri heyrir beint undir stjórn félagsins og framkvæmir ákvarðanir stjórnar og gætir þess að starfsemi félagsins sé í samræmi við stefnu stjórnar og lög félagsins.

Framkvæmdastjóri annast jafnframt daglegan rekstur félagsins og heldur utan um fjármál þess í samráði við gjaldkera stjórnar. Meðal helstu starfsskyldna framkvæmdastjóra teljast jafnframt, umsjón með útleigu, samskipti við stjórn, félagsmenn, nefndir félagsins, fjölmiðla, og hagsmunaaðila. Viðburða- og verkefnastjórnun vegna atburða á vegum félagsins og þjónustu við félagsmenn og utanumhald um félagatal.

Stjórn félagsins kveður nánar á um starfsskyldur framkvæmdastjóra í ráðningarsamningi hans.

Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar, að hennar ósk, en hefur ekki atkvæðisrétt og er ekki stjórnarmaður.

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU:

Með tilkomu ráðningar framkvæmdastjóra fyrir félagið þykir rétt að starf hans sé skilgreint í lögum félagsins og að þar sé skýrt kveðið á um heimild stjórnar en ekki skyldu til að ráða í stöðu framkvæmdastjóra. Til að gæta þess að framkvæmdastjóri starfi sjálfstætt og til að tryggja eftirlitshlutverk stjórnar er skýrt tekið fram að framkvæmdastjóri má ekki eiga sæti í stjórn félagsins eða sæti í lögbundnum nefndum félagsins. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að framkvæmdastjóri sé skipaður í sérstakar vinnunefndir eða hópa af stjórn ef svo ber undir. Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru jafnframt skilgreindar í breytingartillögunum, en þó lagt til að stjórn kveði nánar á um þær skyldur í skriflegum ráðningarsamningi við framkvæmdastjóra. Rauninn hefur orðið sú að framkvæmdastjóri annast að mestu daglegan rekstur og fjármál félagsins og er því kveðið á um það í tillögunni. Ljóst er að sálfbóðastarf gjaldkera félagsins rúmar vart allan þann starfa sem þarf til svo fjárreiður séu í góðu horfi og því eðlilegt að framkvæmdastjóri annist þann þátt undir eftirliti gjaldkera stjórnar. Til að framkvæmdastjóri sé vel að sér í málefnum félagsins er talið nauðsynlegt að hann hafi rétt til setu á stjórnarfundum án þess að vera stjórnarmaður og hefur hann ekki atkvæðisrétt.

10. Lagt er til að núverandi 17. gr., verðandi 18. gr. verði breytingartillaga nr. 7 samþykkt, orðist svo:

„Nefndum, deildum og ráðum ber að fara eftir sérstökum starfslýsingum sem samþykktar eru af stjórn félagsins. Stjórn endurskoðar starfslýsingar eftir því sem þurfa þykir, að fengnum umsögnum eða tillögum frá viðkomandi nefndum. Stjórn skal samþykkja starfslýsingar á fundi sínum.

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU:

Til að auðvelda nefndum að koma með tillögum að nýbreytni í starfi sínu án þess að starfa þar með í andstöðu við samþykktar starfslýsingar þykir rétt að auðvelda það ferli sem þarf til breytinga á starfslýsingum. Þykir of þungt í vöfum að leggja þurfi fram sérstakar lagabreytingar á aðalfundi til að hægt sé að koma að breytingum. Telja verður að samþykki stjórnar á breytingum á starfslýsingu sé fullnægjandi til að tryggja festu í starfinu.

17. gr. fyrir breytingu:

Nefndum, deildum, ráðum og stjórn ber að fara eftir "starfslýsingum", sem samþykktar eru á aðalfundi, um starfshætti, starfssvið og annað sem þar er getið. Með tillögum til breytinga á þeim skal fara sem um tillögur til lagabreytinga.

11. Lagt er til að starfslýsing fyrir stjórn Sörla verði fjarlægð úr lögum félagsins.

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU:

Miðað við núverandi starfslýsingu stjórnar Sörla er talið óþarfi að hafa sérstaka starfslýsingu stjórnar. Nánast öll ákvæði um stjórn koma þegar fram á öðrum stöðum í lögunum og þau sem ekki koma fram er nú bætt í lögin með þessum lagabreytingum. Eftirfarandi er yfirlit yfir þau ákvæði þar sem fjallað

Lagabreytingartillögur frá laganefnd Sörla til meðferðar á aðalfundi Sörla sem haldinn verður þann 25.10.2018

er um störf stjórnar í lögum Sörla. Annað sem stjórn gerir leiðir af eðli máls og venjum og reglum um almenn félög og stjórn þeirra.

1. „Stjórn Sörla hefur yfirstjórn á öllum nefndum, deildum og ráðum félagsins svo og rekstri og fjárfestingu þess.“ Kemur fram í 17. gr.
2. „Formaður skal ekki sitja í stjórn nefnda, ráða eða deilda félagsins“ Kemur fram í nýrri 4. mgr. 9. gr. verði hún samþykkt
3. „Stjórnin skiptir með sér verkum þegar eftir aðalfund í samræmi við lög félagsins“ Kemur fram í 8. gr.
4. „Gjaldkeri skal samræma tekjur og gjöld deilda, ráða og nefnda þannig að um hallalaus áætlun verði að ræða. Gjaldkeri skal hafa aðgang að upplýsingum til að geta fylgst með því að tekjur og gjöld séu samkvæmt áætlum. Stjórn skal samþykkja ofangreindar áætlanir“ Nægilega tekið á störfum gjaldkera í 11. gr.
5. „Gjaldkeri sér um innheimtu félagsgjalda. Hann hefur sér bankareikning og hefur einn prókúru á honum“ Eftir ráðningu framkvæmdarstjóra sér framkvæmdarstjóri um innheimtu félagsgjalda á ábyrgð gjaldkera. Kemur fram í 11. gr verði hún samþykkt
6. „Firmakeppni er á vegum stjórnar“ Þykir ekki þörf í lögum.
7. „Stjórnin skal halda fundi með nefndum, ráðum og deildum svo og almenna félagsfundi svo oft sem þurfa þykir.“ Nægilega tekið á samstarfi stjórnar og nefnda í 15. og 16. gr. og leiðir af venjum og reglum í störfum félaga.
8. „Fundargerð skal rituð á hverjum fundi og lesin á næsta fundi. Útdrættir fundargerða skulu birtir á vefsíðu félagsins.“ Kemur fram í nýrri 3. mgr. 8. gr. verði hún samþykkt.

f.h. Laganefndar Sörla

Atli Már Ingólfsson

Hafdís Arna Sigurðardóttir

Stefanía Sigurðardóttir

Darri Gunnarsson